

## 4. gr.

Starfsmannaráð er ráðgefandi um þau mál, sem það tekur til meðferðar og gerir skriflegar tillögur eða umsógn um þau til póst- og símamálastjóra. Ráðið getur kallað starfsmenn Póst- og símamálastofnunar á sinn fund til að fá upplýsingar um mál. Ef um er að ræða mál, sem snerta störf umdæma, sem ekki eiga fulltrúa í starfsmannaráði, skal leitað álits viðkomandi umdæmisstjóra.

Áður en starfsmannaráð tekur afstöðu til stöðuveitinga, skal að jafnaði leitað álits næsta yfirmanns þeirrar stöðu, sem um er að ræða.

## 5. gr.

Umræður á fundum ráðsins, er varða einstaka menn persónulega, skulu vera trúnaðarmál.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt 10. gr. laga nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 365/1976.

*Samgönguráðuneytið, 27. desember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

**um breyting á samþykkt um gatnagerðargjöld A  
í Akraneskaupstað nr. 385 15. ágúst 1975.**

## 3. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn ákveður að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbygginga og skal miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	4.0%
Fjölbýlishús, 6 íbúðir eða fleiri .....	1.0%
Önnur íbúðarhús .....	2.5%
Versl. og skrifstofubyggingar .....	3.3%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði ....	1.8%
Opinberar byggingar .....	4.0%
Aðrar byggingar .....	2.5%

Af bifreiðageymslum skal greiða hálf gjald. Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 123 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miðað við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miðað við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu .....	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús; hver íbúð ..	400 m <sup>3</sup>
Fjölbýlishús, hver íbúð .....	300 m <sup>3</sup>

Í atvinnuhúsnæði skal ætíð við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds, miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægri lofthæð. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1979.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.

### 1. gr.

Vatnsveita Neskaupstaðar er eign Neskaupstaðar og er hún rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum, eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Neskaupstaðar með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Neskaupstaðar skulu jafnan fylgja reikningum bæjar-sjóðs Neskaupstaðar til endurskoðunar og samþykktar.

### 2. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur æðsta vald í málefnum Vatnsveitu Neskaupstaðar og í umboði hennar annast bæjarráð yfirumsjón með framkvæmd starfa, er vatnsveituna varða.

Forstöðumaður tæknideildar bæjarins er jafnframt vatnsveitustjóri.

### 3. gr.

Vatnsveita Neskaupstaðar hefur einkarétt á sölu vatns í Neskaupstað og nýtingu vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota, sbr. 1. gr.

### 4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með jarðraski eða mannvirkjagerð og þess skal gætt, að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum olíu eða aðrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysl vatns.

### 5. gr.

Hver sá sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.